

Hafnarfirði, 28. apríl 2020

## Efni: Covid 19, aðgerðaráætlun

### Liður 3 í aðgerðaráætlun – aukið aðhald í rekstri.

„Bæjarstjórn vísar því til stoðsviða bæjarins að leggja fram tillögur sem miði að því að lækka rekstrarkostnað. Horft verði sérstaklega til þeirrar þjónustu sem ekki er lögbundin en um leið lögð áhersla á að verja viðkvæmstu hópa samfélagsins.

Fjölskylduráð fól sviðsstjóra á fundi sínum þann 8. apríl s.l að kostnaðargreina áhrif Covid-19 á starfsemi fjölskyldu- og barnamálasviðs. Einnig felur ráðið sviðsstjóra að vinna tillögur sem miða að því að lækka rekstrarkostnað.

Þjónustan á fjölskyldu- og barnamálasviði hefur lagastoð í eftirfarandi lögum:

- Barnaverndarlög
- Barnalög
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Lög um málefni aldraðra
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk
- Stjórnsýslulög
- Upplýsingalög
- Persónuverndarlög
- Lög um húsnæðismál
- Húsaleigulög
- Lög um húsnæðisbætur
- Lög um málefni útlendinga
- Lög um úrskurðarnefnd velferðarmála
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóð
- Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ljóst er að erfitt er að draga saman í rekstri fjölskyldu- og barnamálasviðs þar sem að stærstum hluta er um lögbundna þjónustu að ræða á sviðinu. Þau verkefni sem ekki hafa stoð beint í lögum eru akstur eldri borgara, frístundastyrkur eldri borgara, Janus, heilsuefning og Lækur, dagþjónusta fyrir geðfatlaða. Leiða má öll rök að því að þessi þjónusta styðji við þau markmið laga um málefni aldraðra og fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að styðja við og efla fólk til sjálfstæðrar búsetu.

### Tekjutenging gjaldskrár

Gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar varðandi þjónustu við eldri borgara hefur verið til margra ára lægri en í nágrennasveitarfélögum. Við síðustu fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins var farið í breytingar á gjaldskrá í því skyni að vera nær því sem tíðkast í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjutenging gjaldskrár í þjónustu við eldri borgara er sú leið sem hægt væri að skoða með þó áherslu á að vernda þá hópa sem lægst hafa tekjurnar.

Í Kópavogi er gjaldskrá félagslegrar **heimaþjónustu** eftirfarandi:

Einstaklingar með tekjur undir 326.300 kr. á mánuði eru gjaldfrjálsir

Einstaklingar með tekjur frá 326.300 -391.560 kr. á mánuði greiða 515 kr. fyrir klukkustundina.

Einstaklingar með hærri tekjur en 391.561 kr. á mánuði greiða 1.040 kr. fyrir klukkustundina.

Hjón með tekjur undir 530.239 kr. á mánuði eru gjaldfrjáls

Hjón með tekur frá 530.239 til 636.285 kr. á mánuði greiða 515 kr. fyrir klukkustundina.

Hjón með hærri tekjur en 636.286 kr. á mánuði greiða 1.040 kr. á mánuði.

Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogi þá miðast grunnupphæðin við lífeyrisgreiðslur með tekjutryggingu og heimilisuppbót. Hækkar upphæðin í samræmi við vísitölu.

Umsækjendur þurfa að skila skattframtali sé það ekki gert greiðir viðkomandi herra gjaldið.

Lagt er til að gjaldskrá í heimaþjónustunni verði tekjutengd á sambærilegan máta og gjaldskrá í heimaþjónustu Kópavogs.

Hafnarfjarðarbær er eina sveitarfélag landsins sem greiðir **frístundastyrk** til eldri borgara. Hér er lagt til að frístundastyrkurinn verði tekjutengdur og þannig að einstaklingar með lægri tekjur en 391.560 kr. á mánuði fái frístundastyrk en þeir sem hafa hærri tekjur fái ekki styrkinn.

### **Leigugreiðslur í Drafnarhúsi/Strandgötu 75**

Alzheimer-samtökin hafa rekið dagþjálfun fyrir heilabilaða í Drafnarhúsi/Strandgötu 75 til margra ára. Hafnarfjarðarbær hefur styrkt starfið með því að sjá samtökunum fyrir endurgjaldslausu húsnæði. Leigan í Drafnarhúsi/Strandgötu 75 er nú 901.000.-kr. á mánuði. Í þjónustu í Drafnarhúsi eru ekki einungis einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði heldur hefur Drafnarhús einnig fengið einstaklinga frá Garðabæ. Samkvæmt upplýsingum frá Alzheimer-samtökunum er misjafnt á hverjum tíma hvað margir eru í þjónustu frá Garðabæ en að jafnaði eru það u.þ.b. 8 einstaklingar en rýmin í Drafnarhúsi eru 24. Eðlilegt verður því að teljast að Garðabær greiði þriðjung leigugreiðslna eða 300 þús. á mánuði.

### **Lækur, dagþjálfun fyrir geðfatlaða**

Lækur, dagþjálfun fyrir geðfatlaða er í húsnæði að Hörðuvöllum 1 og er mikilvægt að starfsemin komist í húsnæði sem hentar starfinu betur. Lagt er til að Lækur flytjist í húsnæði í eigu sveitarfélagsins í Staðarbergi. Rekstrarkostnaður vegna hússins að Hörðuvöllum 1 myndi dragast saman við þessa breytingu.

### **Úttekt á þjónustu barnaverndar**

Unnið er að úttekt á skipulagi barnaverndar. Tilgangurinn er að fá faglegt og hlutlaust mat á skipulagi starfsins, úrræðum, starfsumhverfi starfsmanna, verkaskiptingu og skilgreiningu á ábyrgðarsviði. Úttektinni er m.a. ætlað að skerpa á verkferlum. Niðurstaða úttektarinnar gæti leitt til hagræðingar í starfi barnaverndar, úrræðum o.fl.



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Þjónusta sem hefur dregist saman á COVID tímabilinu:**

Akstursþjónusta eldri borgara hefur dregist saman sem nemur 2 millj. í mars og apríl og má gera ráð fyrir að sama verði í maí mánuði. Kostnaður vegna aksturs eldri borgara dregst því saman um 6 millj. á árinu.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks hefur dregist saman um 60% í mars og apríl, eða um 20 millj.

Allt bendir til að álag verði á félagsþjónustu sveitarfélaga í kjölfar COVID. Atvinnuleysi eykst og verður skv. upplýsingum frá VMST um 17% í maí mánuði. Þegar líða tekur á árið má gera ráð fyrir að fjölgun á fjárhagsaðstoð, aukningu barnaverndarmála og heimilisofbeldismálum fjölgi. Eldri borgarar sem hafa búið við einangrun í margar vikur þurfa á stuðningi, hreyfingu og félagsstarfi að halda. Viðkvæmir hópar s.s. geðfatlað fólk þarf á auknum stuðningi að halda auk þess sem upp koma ýmis ófyrirséð mál í því óvissuástandi sem hefur skapast í samfélaginu.

Allt kallar þetta á að félagsþjónusta sveitarfélagsins sé öflug og geti tekist á við þessi verkefni.

Rannveig Einarsdóttir,  
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs